

Fundur 13.10.2025 Dana frá Gasa féll í stríðinu fyrir rúmu ári.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Ekki er það vani okkar að tengjast öðrum hnöttum og ekki hef ég verið hér lengi á þessum hnetti og er þetta allt hið undarlegasta og mér mikið gleði efni.

En hér eru gamlar byggingar og stórkostleg musteri eldri menningu heiðinna manna og fengum við tækifæri til að nota þessar byggingar og létum það ekki úr hendi sleppa.

Og hefur það verið stöðugt undrunarefni og ánægjuefni að vera komin hér fram á nýjum hnetti, og finnst mér það furðulegast að ekki skuli þessu vera nákvæmlega lýst í hinni helgu bók.

En efniskennt er þetta líf vissulega, og er það meira en ég bjóst við, og gleður það mig mjög að vera hér aftur í návist ættingja minna sem fram höfðu liðið áður.

Og er það að vísu ekki fagnaðarefni að okkar fornu féndur skuli vera hér líka, en er það að vísu fagnaðarefni að landsvæði það sem við höfum yfir að ráða er meira og sumuleiðis landsvæði þeirra.

Og hef ég ekki komist yfir að ferðast um allan þennan hnött, en ekki er langt síðan ég ferðaðist um skarð og landsvæði þar sem öruggara var að ferðast, og gat ég þá skoðað mig dálítið um.

Og mörg eru undrunarefnin á þessum hnetti og ekki eru allir sem tala tungumál okkar, og margt má af þeim læra.

Og túlkar hér einnig, hægt að fá til að hjálpa sér, og dýralífið hið merkilegasta og ekki síður þörf á að gæta sín á dýrunum sem sum eru hættuleg.

Og eldgos og jarðhræringar á þessum hnetti, en finnst mér það verra að lítið sést til sólar og getur sprengjugnýrinn valdið þar nokkru um.

En þó hreyfist sólin og hér hef ég sofið betur og lengur en á jörðinni og verið öruggari um líf mitt. Og hef ég bæði hitt börn mín þau sem féllu í stríðinu og sömuleiðis eldri ættingja og eru það merkilegar sögurnar.

Er ég, hafði ég á jörðinni kynnt mér vestrænar hugmyndir og gerði ég uppreist, reyndi ég að gera uppreist gegn reglunum, en ekki gekk það alltaf vel.

Og er það stórmerkilegt hér á þessum hnetti, eru bæði til strangari trúarhópar og einnig þeir sem mildari eru, og vekur það mér vonir um að mér verði það mögulegt að flytja mig til á hnettinum, og með mínu fólki og rækta jurtir þar sem ekki bráð hætta af árásum og sprengiregni.

Og hefur mér verið sagt af þannig landssvæði hér fyrir sunnan, en er það töluvert ferðalag og áhættusamt, er mér sagt, en eru hér nokkrir að ráðgera að fara að hætta á það ferðalag.

Og það verður betra að lifa þar, en erum við svo heppin að við kynntumst fólki hér sem var okkur hjálpsamt og kom okkur í skjól í húsahverfum þar sem andspyrnuhreyfing hélt þeim Gyðingum í skefjum sem gerðu árásir á okkur.

Og lít ég því bjartari augum til framtíðarinnar en á jörðinni, og væri það áhugavert að segja ykkur frá þeim heiðna hópi sem starfrækir Hof þetta og sem á ættir að rekja til fornra ættflokka á jörðinni, en ekki vinnst tími til þess. Dana heiti ég frá Gasa, hef verið hér í rúmt ár og féll í stríðinu við Ísraelsmenn, þakka ég fyrir og verið þið sæl og blessuð.

*Vertu sæl og vona að þér gangi vel og takk fyrir komuna.*

Takk fyrir.